



6. bekkur Félagsfræði (FÉLA3KR09)

Í vetur verður farið dýpra í meginkenningar félagsfræðinnar og helstu fræðimenn hennar ásamt því að halda áfram með efni vefbókarinnar og þegar bókinni er lokið tekur við afbrotafræði og notuð verður ný vefbók í afbrotafræði. Einnig verða kenndar og þjálfaðar aðferðir við framkvæmd félagsfræðilegra rannsókna og framsetning á rannsóknarniðurstöðum.

Kenndar verða 4 kennslustundir í viku og fer kennsla fram með verkefnavinnu, umræðum, innlögnum kennara sem og nemenda. Auk minni verkefna munu nemendur vinna rannsóknarverkefni undir handleiðslu kennara.

Nemendur;

þjálfist í að fjalla um félagsleg málefni

geti gert grein fyrir helstu kenningum félagsfræðinnar og skilji hvernig kenningaleg nálgun tengist viðfangsefnum og aðferðum félagsfræðirannsókna

geti beitt kenningum um samfélagið við túlkun og greiningu á samfélaginu og samfélagslegum málefnum.

þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu

geti skipulagt og framkvæmt einfaldar félagsfræðirannsóknir og komið niðurstöðum þeirra á framfæri á vandaðan hátt.

kynnist kenningum kynjafræðinnar

Námsefni:

Vefbók: Félagsfræði, ég við og hin. Höfundur: Hrafnkell Tumi Kolbeinsson.

<https://vefbok.is/eg-vid-og-hin/>

Vefbók í afbrotufræði sem kemur út haust 2024

Annað efni frá kennara

Námsmat:

Vinnueinkunn:

2-3 kaflapróf yfir veturinn (40%)

Rannsóknarverkefni 25%

Ástundun og verkefnaskil (35%)

Stúdentspróf, lokapróf 100%

Lokaeinkunn byggir á meðaltali af stúdentprófseinkunn og vinnueinkunn.

Námsáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.